# Sýslumaður Suðurnesja

**06 448**

## Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit

**Bls.**


Skýrsla og áritun forstöðumanns ........................................................ **2**
Yfirlit um afkomu ársins ...................................................................... **3**
Efnahagsreikningur ............................................................................. **4**
Sjóðstreymisyfirlit ............................................................................... **5**
Skýringar ............................................................................................. **6**



**Sýslumaður Suðurnesja**
**kt. 610576-0369**
**Vatnsnesvegi 33, 230 Keflavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Suðurnesja er ríkisaðili í A-hluta. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.
Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Embætti sýslumanna heyra undir ráðherra, nú dómsmálaráðherra, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 15/2017 um skiptingu sjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði nr. 4/2017 um skiptingu stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 217,4 milljónir og afkoma kr. 2,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -6,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 104,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumanns Suðurnesja í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Suðurnesja fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Keflavík, 27.06.2019

Staður, dags.

Ásdís Ármannsd.

SÝSLUMAÐURINN Á SUÐURNESJUM

Sýslumaður

# Yfirlit um afkomu ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 215.100.000 | 207.700.000 |
| Seld þjónusta | 4 | 1.578.029 | 1.652.198 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 714.885 | 646.390 |
| **Tekjur samtals** | | 217.392.914 | 209.998.588 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | 181.631.184 | 172.730.714 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 32.279.292 | 32.356.652 |
| Afskriftir | 7 | 714.885 | 646.390 |
| **Gjöld samtals** | | 214.625.361 | 205.733.756 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | 2.767.553 | 4.264.832 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (1.483) | 0 |
| | | (1.483) | 0 |
| **Afkoma ársins** | | 2.766.070 | 4.264.832 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 8 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður ...... | | 2.136.703 | 1.456.661 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 2.136.703 | 1.456.661 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Tengdir aðilar ...... | 9 | 99.783.649 | 76.532.925 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ...... | 10 | 771.175 | 807.943 |
| Handbært fé ...... | 11 | 1.827.161 | 2.630.383 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 102.381.985 | 79.971.251 |
| **Eignir samtals** | | 104.518.688 | 81.427.912 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign ...... | | (6.582.282) | (9.348.352) |
| **Eigið fé samtals** | | (6.582.282) | (9.348.352) |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ...... | 9 | 90.747.126 | 71.523.390 |
| Viðskiptaskuldir ...... | | 778.186 | 706.221 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ...... | 13 | 17.833.882 | 17.089.992 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ...... | 14 | 1.741.776 | 1.456.661 |
| | | 111.100.970 | 90.776.264 |
| **Skuldir samtals** | | 111.100.970 | 90.776.264 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 104.518.688 | 81.427.912 |
| **Aðrar upplýsingar** | 15 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 2.766.070 | 4.264.832 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 714.885 | 646.390 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (714.885) | (646.390) |
| | | 2.766.070 | 4.264.832 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 36.768 | 371.256 |
| Tengdir aðilar | | (4.421.915) | (5.320.866) |
| Skammtímaskuldir | | 815.855 | (4.389.161) |
| | | (3.569.292) | (9.338.771) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (803.222) | (5.073.939) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 8 | (1.394.927) | 0 |
| | | (1.394.927) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 1.000.000 | 0 |
| Tengdir aðilar | | 394.927 | 0 |
| | | 1.394.927 | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (803.222) | (5.073.939) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 2.630.383 | 7.704.322 |
| **Handbært fé í árslok** | | 1.827.161 | 2.630.383 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:
Áhöld, tæki og búnaður ........................................................................................................................ 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

# Skýringar

### 3 Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 216.100.000 | 207.700.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | (1.000.000) | 0 |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 215.100.000 | 207.700.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 714.885 | 646.390 |
| | 215.814.885 | 208.346.390 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 202.900.000 | 0 | 0 | 202.900.000 |
| Launbætur | 200.000 | 0 | 0 | 200.000 |
| Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting | (1.000.000) | 0 | 0 | (1.000.000) |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 13.000.000 | 0 | 0 | 13.000.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **215.100.000** | **0** | **0** | **215.100.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (212.333.930) | 0 | 0 | (212.333.930) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **2.766.070** | **0** | **0** | **2.766.070** |

### 4 Seld þjónusta

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Verksala | 120.875 | 213.775 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 1.457.154 | 1.438.423 |
| | 1.578.029 | 1.652.198 |

### 5 Laun og launatengd gjöld

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 145.722.375 | 139.483.398 |
| Orlof, breyting | 584.461 | 367.718 |
| Launatengd gjöld | 34.243.798 | 32.443.598 |
| Starfsmannakostnaður | 1.080.550 | 436.000 |
| | 181.631.184 | 172.730.714 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 20,4 | 19,7 |

# Skýringar

**6 Annar rekstrarkostnaður**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 1.264.097 | 1.576.179 |
| Ýmis tæki og áhöld | 142.766 | 115.049 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 5.840 | 560 |
| Orkugjafar | 991.708 | 962.144 |
| Matvæli | 2.592.127 | 2.490.917 |
| Almennar rekstrarvörur | 34.181 | 13.791 |
| Vörukaup, almenn | 5.030.719 | 5.158.640 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 269.230 | 118.700 |
| Ferðir, uppihald | 38.000 | 32.998 |
| Akstur | 729.300 | 783.893 |
| Sérfræðiþjónusta | 908.074 | 1.009.341 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 1.158.756 | 1.003.606 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 522.388 | 323.450 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 3.537.928 | 5.091.758 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 7.163.676 | 8.363.746 |
| | | |
| Afnotagjöld | 1.887.833 | 1.781.914 |
| Leigugjöld | 7.865.791 | 6.938.132 |
| Notkun véla og flutningatækja | 323.092 | 158.653 |
| Verkkaup | 2.902.415 | 3.179.297 |
| Kostnaðarhlutdeild | 7.105.766 | 6.810.328 |
| Tilfærslur | 0 | 9.000 |
| Tapaðar kröfur | 0 | (43.058) |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 20.084.897 | 18.834.266 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 32.279.292 | 32.356.652 |

**7 Afskriftir**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. | 714.885 | 646.390 |
| | 714.885 | 646.390 |

**8 Varanlegir rekstrarfjármunir**

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 2.136.703 | 1.456.661 |
| | 2.136.703 | 1.456.661 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

| | Áhöld, tæki og búnaður |
|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 5.668.434 |
| Viðbætur á árinu | 1.394.927 |
| | 7.063.361 |
| | |
| Afskriftir 1.1.2018 | 4.211.773 |
| Afskrift ársins | 714.885 |
| | 4.926.658 |
| | |
| Staða 31.12.2018 | 2.136.703 |

# Skýringar

**9 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 86.007.438 | 62.756.714 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 13.776.211 | 13.776.211 |
| | 99.783.649 | 76.532.925 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 90.747.126 | 71.523.390 |
| | 90.747.126 | 71.523.390 |

**10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 4.964 | 5.000 |
| Skattar | 766.211 | 802.943 |
| | 771.175 | 807.943 |

**11 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir | 325.025 | 312.786 |
| Tékkareikningar | 1.502.136 | 2.317.597 |
| | 1.827.161 | 2.630.383 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 39,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

**12 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (9.348.352) | (27.389.395) |
| Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar | 0 | 13.776.211 |
| Afkoma ársins | 2.766.070 | 4.264.832 |
| Jöfnuður 31.12. | (6.582.282) | (9.348.352) |

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 13,8 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

**13 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 14.728.390 | 14.143.929 |
| Ógreidd laun | 0 | 1.438.477 |
| Önnur ógreidd gjöld | 3.105.492 | 1.507.586 |
| | 17.833.882 | 17.089.992 |

# Skýringar

**14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | **31.12.2018** | **31.12.2017** |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga ............ | 2.136.703 | 1.456.661 |
| Ráðstafað umfram fjárveitingu til fjárfestinga ............ | (394.927) | 0 |
| | 1.741.776 | 1.456.661 |

| | **Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga** | **Fjárfestinga-fjárveiting** | **Samtals frestaðar tekjur** |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 ............ | 1.456.661 | 0 | 1.456.661 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga ............ | 0 | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ............ | 1.394.927 | (1.394.927) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna ............ | (714.885) | 0 | (714.885) |
| | 2.136.703 | (394.927) | 1.741.776 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 0,7 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

**15 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði og tímabundinn samning um ræstingu til ársins 2019, eftir samningstímann endurnýjast hann ár í senn sé samningnum ekki sagt upp. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 8,1 milljónum og vegna ræstingu 3,5 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.
Engar óefnislegar eignir eru til staðar hjá stofnuninni.

*Óafturkallanleg loforð*
Á ekki við.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Á ekki við.